



Miðvikudagur 9. júní 2004

# BLAÐIÐ

-  **Bjartasta vonin**  
*Viðtal við Kjartan Henry Finnbogason*
-  **Uppeldi og gleði**  
*Lúkas Kostic um 4. flokkinn*
-  **Ekkert yfirburðalið**  
*Kristján Finnbogason um mótið*

# HELJARTAK

**ÍÁ hefur ekki fengið stig á KR-velli í 10 ár!**

### Vorbragur í Vesturbænum

Það hefur verið sannarlegur vorbragur í byrjun Íslandsmótsins. Liðin eru að fóta sig og smám saman að spila sig í form. Þrátt fyrir tap í fyrstu leikjum KR þá vita það allir sannir KR-ingar að leikmenn liðsins eiga nóg inni og munu sýna það í næstu leikjum. Það hefur oft loðað við KR að byrja dauflaga en styrkjast svo þegar á liður á mótið og oftast en ekki höfum við fagnað titli að hausti. Við erum komnir á siglingu og nú eru hlutirnir á uppleið.

Það er sérstaklega skemmtilegt að sjá leikmenn sem eru að koma úr 2. flokki og greinilegt að starfinu í yngri flokkunum er vel sinnt. Þegar lykilmenn eru í meiðslum koma ungir og öflugir strákar á völlinn og standa sig með þryði. Þannig verður líka eðlileg endurnýjun í leikmannahópnum. Hinir ungu taka við af þeim eldri.

Sem eitilhörðum stuðningsmanni KR þá veit ég að mun meira býr í KR-liðinu en sést hefur. Þetta er spurning um þolinmæði en góðir hlutir gerast oft hægt. Við skulum sjá hver staðan verður í miðju móti og ég þori að veðja á það að KR verður komið í fluggirinn.

### Gott framtak Landsbankans

Landsbankinn er aðalstyrktaraðili úrvalsdeildarinnar í ár og má strax sjá hverju er hægt að áorka þegar menn með áhuga á íþróttinni leggja henni lið. Bankinn er með ýmsa áhugaverða hluti í gangi, eins og stuðningsmannasamkeppnina og svo bjóða þeir æsku landsins frítt á völlinn. Það er þó ekki aðeins horft til meistaraflokks því yngri flokkarnir fá sinn skerf af velvild bankans.

Maður heyrir víða að fyrirtæki leggja meiri fjármuni í yngriflokkastarf félaganna og minna í markaðsmál tengd félögunum. Þetta er hið besta mál enda skila þá peningarnir sér til þeirra sem eiga eftir að vera í sviðsljósinu á völlum í framtíðinni.

Það skal tekið fram að hluti af hagnaði þessarar útgáfu KR-blaðsins rennur til yngri flokka KR.

Hilmar Þór Guðmundsson.



## Fagnandi býflugur

Þegar tölfræði úr leikjum KR og ÍA er skoðuð þá kemur í ljós að Vesturbæjarvellið hefur töglin og haldimar í viðureignum liðanna. KR hefur ekki tapað gegn ÍA á heimavelli í 10 ár. Þessi leikur er afar mikilvægur fyrir KR-inga en liðið hefur oft komist á flug eftir að mæta ÍA á heimavelli. Sjá tölfræði um leiki liðanna á síðu 5 í KR-blaðinu.



## Allir krakkar á BYKO-leikvöllinn

BYKO í Vesturbænumsemerígóðu samstarfi við KR og byggt hefur verið afar glæsilegt leiksvæði til hliðar við stúkuna á KR-völlum.

Þangað geta allir hressir krakkar farið og leikið sér á meðan foreldrarnir horfa á leikinn. Þar eru rólur, kastalar og margt annað skemmtilegt.

BYKO kom upp þessari aðstöðu fyrir nokkrum árum sem hefur slegið rækilega í gegn. Þar eru alltaf margir krakkar að leika enda mörg spennandi tæki á leiksvæðinu.

Svæðið er við enda stúkunnar og er að sjálfsögðu opið öllum.



### Landsbankadeildin:

	L	U	J	T	S
Fylkir	4	3	1	0	10
ÍA	4	2	2	0	8
Keflavík	4	2	1	1	7
ÍBV	4	1	3	0	6
Grindavík	4	1	2	1	5
Fram	4	1	1	2	4
KR	4	1	1	2	4
KA	4	1	0	3	3
Vikingur	4	0	1	3	1

### Næstu leikir:

KR	0	-	1	FH
Keflavík	3	-	1	KR
KR	2	-	1	Vikingur
ÍBV	2	-	2	KR
KR	-	-	-	ÍA
Grindavík	-	-	-	KR
KR	-	-	-	Fram
KA	-	-	-	KR
FH	-	-	-	KR
KR	-	-	-	Fylkir

### Meðal efnis:

Fréttir	2
Viðtal við Kristján Finnbogason	4
ÍA stigalausir í 10 ár	5
Yfirheyrslan	6
Svipmyndir	6
Viðtal við Kjartan Henry	8
Fréttir frá KR	10

Næsta blað kemur út á leik KR og Fylkis



SAMSKIP



### Útgefandi:



MARKMENN ehf

### MARKMENN ehf

Háukinn 6, 220 HFN.

Sími 544 5300

www.markmenn.is

sport@sport.is

Hægt er að nálgast blaðið í heild sinni á PDF formi á slóðinni www.sport.is.

### Umsjón blaðs og ábyrgð:

Ritstjóri: Hilmar Þór Guðmundsson

Blaðamenn: Snorri Sturluson

Bragi Magnússon

Hilmar Þór Guðmundsson

Þór Bæring Ólafsson

Ljósmyndun: Hilmar Þór Guðmundsson

Erling Ó. Aðalsteinsson

Umbrot: Markmenn ehf

Prentun: Prentmet

Annað efni er birt á ábyrgð höfundna.



PROSTAR

Jói útherji



# LANDSBANKA DEILDIN

## Keppni allra landsmanna

### Stuðningsmannakeppni

Landsbankadeildin í sumar verður ekki bara hörð keppni milli leikmanna á vellinum heldur einnig meðal stuðningsmanna í stúkum og stæðum. Valinn verður besti stuðningsmannahópurinn eftir hverja sex leikja umferð og loks fyrir mótið í heild. Vegleg peningaverðlaun verða veitt sem renna til yngri flokkastarfs félaganna.

### Netleikir

Hægt verður að spila tvær útgáfur af netleikjum í boði Landsbankans, **Draumadeildin** sem eingöngu verður spilaður í karladeildinni og **Réttu úrslitin** sem eingöngu verður spilaður í kvennadeildinni. Veglegir vinningar í boði. Slóðin á leikina er [www.li.is](http://www.li.is)

### Fritt á leiki og happdrættispottur

Viðskiptavinir Landsbankans 16 ára og yngri fá fritt á leiki í Landsbankadeildinni í sumar. Þeir lenda líka í happdrættispotti með 100 glæsilegum vinningum. Miðar eru afhentir í útibúum bankans.

**1. vinningur:** 4 flugmiðar og 4 miðar á leik í Meistaradeild Evrópu.

**Aðrir vinningar:** Áritaðar landsliðstreyjur og vandaðir fótboltar.



**Stjáni Finnbogason er tekinn við fyrirlíðabandinu hjá KR. Þessi frábæri markmaður er einn af lykilmönnum liðsins og hefur oftast en ekki hjálpað KR að landa mikilvægum stigum. Hann var nýlega kallaður aftur í landsliðshópin eftir smá pásu frá landsliðinu. Kristján þekkir vel til í Vesturbænum, hann hefur fagnað mörgum titlum á undanförunum árum en hann kom ofan af Skaga á sínum tíma.**

**Nú hefur KR gengið brösulega að fótta sig í byrjun móts. Hvernig skýrirðu það?**

Ég held að eðlilegasta skýringin sé sú að það vantar marga mikilvæga leikmenn hjá okkur vegna meiðsla. Venni, Garðar, Arnar, Bjarki, Síggi Raggi og Emmi eru allt leikmenn sem kæmust í hvaða lið sem er hérna heima og það munar um minna að hafa þá ekki klára í slaginn. Auðvitað munar líka mikið um Veigar sem hefur verið potturinn og pannan í sóknarleik okkar undanfarin 2 ár. En það þýðir vist lítið að grenja yfir þessu, við verðum bara að bretta upp ermarnar og fara að hala inn stig.

**Sigurinn á Víkingi var mikilvægur, heldurðu að risinn sé vaknaður í Vesturbænum?**

Sigurinn gefur okkar vonandi aukið sjálfstraust, svo er bara að byggja ofan á þetta og halda áfram. Vagninn er alla vega komin af stað. Við vitum að það þarf að hafa mikið fyrir hverju einasta stigi í deildinni eins og sannaðist í leiknum á móti Víkingi, við á heimavelli að spila á móti liðinu sem spáð var neðsta sæti í deildinni. Það er alveg ljóst að það verða engir auðveldir leikir í sumar.

**KR hefur yfirleitt verið spáð Íslandsmeistaratitli af þjálfurum og fyrirlíðum. Setur þetta einhverja pressu á liðið?**

Nei það held ég ekki. KR er alltaf spáð titlinum, ég held að það myndi engu máli skipta hvernig mannskap við værum með, þannig að við tökum þessari spá ekkert af alvarlega. Krafan er alltaf sú sama hjá KR, að vinna næsta leik.

**Finnst þér of mikið til ætlast af KR-liðinu af stuðningsmönnum liðsins?**

Nei alls ekki, það eru þeir sem gera KR að besta félagi landsins, þannig að þetta er bara besta mál. Hins vegar hefur maður tekið eftir hvað sumir eru fljótir að taka Ragnar Reykás á þetta þegar illa gengur. Það sýnir best hverjir eru alvöru KR-ingar þegar á móti blæs og við eigum helling af svoleiðis eðalmönnum.

# ekkert YFIRBURÐALIÐ

**Er KR með svo góðan mannskap að titill eigi bara að vera formsatriði?**

Við erum langt í frá að vera með eitt-hvað yfirburðalið, enda hefur það sýnt sig í undanförunum leikjum. Vissulega erum við með góðan mannskap en það eru líka önnur lið.

**Nú eru margir leikmenn KR meiddir og verða líklega ekki með strax. Er það að hafa mikil áhrif á leik liðsins og mun KR ekki ná sér á flug fyrir en stórskyttarnar (Venni, Bjarki og Arnar) eru komnir í form?**

Eins og ég sagði á áðan þá munar miklu um þessa menn, en ef við ætlum að vera með í baráttunni um titil þá getum við ekki beðið með að fara vinna leiki, mótið er stutt og við höfum einfaldlega ekki efni á því.

**Hvernig heldurðu að deildin eigi eftir að spilast, hverjir verða ofarlega og hverjir falla?**

Ég gæti trúað því að deildin þróist svipað og í fyrra, allir að vinna alla. Maður sér fyrir sér Fylki, ÍA og FH þarna í efri hlutanum og vonandi okkur. Get ekki bent á einhver ákveðin lið sem fara beint niður, þetta er allt svo jafnt.

**Finnst þér að fjölga eigi liðum í deildinni og lengja mótið?**

Já ég er mjög hlynntur því að fjölga í deildinni. Það ætti alveg að vera hægt að bæta við leikjum í ágúst og september, held líka að deildin ætti alveg að þola það. Betri liðin í 1. deild geta alveg spjarað sig í þeirri efstu.

**Hvernig heldurðu að KR eigi eftir að ganga í Evrópukeppni í ár?**

Það er ómögulegt að segja, fer auðvitað mikið eftir andstæðingum. Stefnan er alltaf að ná einu skrefi lengra, þ.e. að komast í 1. umferðina

ég tala nú ekki um að komast í riðlana. Það myndi skipta gríðarlegu miklu máli fyrir KR að komast svo langt.

**Hver heldurðu að verði Evrópumeistari landsliða í Portúgal og af hverju?**

Ég held að Frakkland vinni í sumar, þeir eru með fánlega gott lið og vilja örugglega leiðrétta mistökin frá því á HM 2002.



**Kristján Finnbogason**

**fyrirlíði**

# HELJARTAK á mönnum

## Spurning dagsins

Hverjir verða Evrópu-meistarar landsliða?



**Aðalsteinn Dalmann:**  
Þetta er erfið spurning. Þjóðverjar, þeir eru með hefðina og gott lið.



**Eggert Magnússon:**  
Frakkar, Portúgalir eða Ítalir.



**Jóhann Hlíðar Harðarsson:**  
Spánverjar, það er komið að þeim.



**Sigurður Jónsson:**  
Hollendingar, þeir eru með skemmtilegt lið.



**Þórhallur Hinriksson:**  
Portúgal, það eru átta ár síðan Portúgal vann eitthvað síðast og það er kominn tími á þetta.

ÍA hefur ekki riðið feitum hesti frá viðureignum sínum gegn Vesturbæjarstórveldinu síðustu árin. KR-ingar hafa unnið fjóra leiki í röð og 10 af síðustu 11 á Íslandsmóttinu. Einu stig Skagamanna út úr leikjum gegn KR frá árinu 1998 komu í leik liðanna á Akranesi 29. júlí 2001.

KR hefur unnið fjóra leiki í röð með samtals markatölu 9-5. Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur verið skæður og skorað 3 mörk af þessum 9. Aðrir sem skorðu í síðustu 4 leikjunum eru Arnar Gunnlaugsson, Garðar Jóhannsson, Veigar Páll Gunnarsson og Sigurvin Ólafsson. Skagamenn sáu sjálfir um að skora eitt markið.

KR-liðið hélt m.a. hreinu gegn Skagamönnum í fimm heila leiki og alls 492 mínútur frá 1998 til 2001. Grétar Rafn Steinsson varð fyrsti Skagamaðurinn til að skora hjá KR í þrjú ár þegar að hann skoraði á KR-vellinum 21. maí 2001.

### Fjórir sigurleikir í röð:



30. júlí 2003 ÍA 2-3 KR

Sigurður Ragnar Eyjólfsson   
Garðar Jóhannsson 

29. maí 2003 KR 1-0 ÍA

Arnar Gunnlaugsson 

27. júlí 2002 ÍA 1-2 KR

Veigar Páll Gunnarsson   
Sigurður Ragnar Eyjólfsson 

24. maí 2002 KR 3-1

Sigurvin Ólafsson   
sjálfsmark 

Skagamenn hafa ekki tekið með sér stig frá KR-vellinum í tíu ár eða síðan að liðin gerðu 0-0 jafntefli sumarið 1994. Síðan þá hefur KR unnið níu heimaleiki í röð gegn ÍA með markatölunni 18-4. Síðasti deildar-sigur Skagamanna á KR-vellinum var 8. ágúst 1993 þegar Skaginn vann 4-1.

Kristján Finnbogason kom frá ÍA árið 1994 þegar Guðjón Þórðarsson tók við liði KR. Síðan þá hefur ÍA ekki landað sigri á KR-velli.

### Níu sigrar í röð heima:

29. maí 2003 KR 1-0 ÍA

Arnar Gunnlaugsson 

24. maí 2002 KR 3-1 ÍA

Sigurvin Ólafsson   
sjálfsmark 

21. maí 2001 KR 2-1 ÍA

Einar Þór Danielsson   
Moussa Dagnogo 

30. júlí 2000 KR 1-0 ÍA

Guðmundur Benediktsson 

18. maí 1999 KR 1-0 ÍA

Sigþór Júlíusson 

12. september 1998 KR 2-0 ÍA

Guðmundur Benediktsson 

2. júlí 1997 KR 4-0 ÍA

Einar Þór Danielsson   
Þorsteinn Jónsson 

21. júlí 1996 KR 1-0 ÍA

Ríkharður Daðason 

31. ágúst 1995 KR 3-2 ÍA

Mihajlo Biberic 

## Einn af leikjum ársins

**Gunnlaugur Jónsson fyrirlíði ÍA hefur ekki unnið KR í Frostakjólí síðan hann byrjaði að leika með meistaraflokki. Við slóm á þráðinn til Gulla sem býr reyndar í Vesturbænum.**

### Hvernig leggst leikurinn í þig?

Mjög vel, þetta er einn af stærstu leikjum ársins. Það er alltaf gaman að komast í Vesturbæinn vegna umgjafarinnar og stemmningarinnar. Leikirnir gerast ekki mikið stærri.

### ÍA hefur ekki náð stigi frá KR í Frostakjólí í 10 ár. Er einhver grýla á ferð?

Ég hef allavega ekki unnið á KR-vellinum síðan ég byrjaði í meistaraflokki. Það var árið 1994 þannig að það verður eitthvað að fara að gerast

ef ég ætla að vinna leik í Vesturbænum.

### Af hverju gengur svona illa í Vesturbænum?

Það er erfið að segja. Það skapast oft venjur í boltanum sem erfið er að útskýra. Við lentum á móti KR í fyrra á svipuðu róli en þá höfðu þeir byrjað illa en unnu okkur og þá fór allt á siglingu hjá þeim. Þeir unnu svo titilinn þannig að KR á eftir að gera tilkalls til titilsins.

### Nú hefur ÍA byrjað vel, verðið þið í toppslagnum?

Við höfum byrjað betur en í fyrra. Við settum okkur það markmið að skora meira og það hefur gengið eftir. Reyndar hefði ég viljað sjá fleiri mörk eftir öll færin sem við erum að

skapa okkur. Liðið er komið með sjálftraust og þá gengur alltaf betur.

### Viltu spá fyrir leikinn?

Já ég skal spá. Okkar fyrsti sigur á KR-velli í 10 ár verður staðreynd.



Gunnlaugur Jónsson, fyrirlíði ÍA.

# KR hefur unnið seinustu 4 leikina gegn ÍA

# MYNDIR af vellinum



KR-ingar eru annálaðir fyrir að styðja sitt lið heilshugar og mæta jafnan flestir frá KR á völlum á hverju ári.



Það var stemning á leiðinni til Keflavíkur en KR-klúbburinn verður með rútuferðir á marga heimaleiki í vetur. Raggi og Gauri voru í góðu stuði.



María Björg Ágústsdóttir

## Haldið til haga:

Í seinasta blaði urðu þau leiðu mistök að Guðmundur Benediktsson var sagður Benidiktsson og Stefán Arnarsson var sagður Arnaldsson. Þá birtist röng mynd við nafn Maríu Bjargar Ágústsdóttur. Hér að ofan er rétt mynd.

Leiðréttist það hér með.



Águst Gylfason fagnar hér marki sínu gegn Víkingi. Þetta var fyrsti sigurleikur KR í sumar.

# YFIRHEYRSLAN

## Hafsteinn Egilsson formaður KR-klúbbsins



Fyrir stuttu síðan tók Hafsteinn Egilsson við formennsku í KR-klúbbum en það er án efa öflugasti stuðningsmannaklúbburinn á Íslandi. Eins og alltaf er mikið að gerast hjá KR-klúbbum og við hjá KR-blaðinu fengum Hafstein til að segja okkur frá því helsta.

### Hvað er að gerast í KR-klúbbum um þessar mundir?

Aðalmarkmið KR klúbbsins er að styðja við KR liðið og að sjálfsgöðu að fjölga í klúbbum.

### Það var farið í átak fyrir sumarið til að reyna að fjölga í klúbbum? Hvernig gekk það?

Við höfum fundið fyrir jákvæðni og við erum að stækka.

### Hvað eru margir í KR-klúbbum?

Það eru u.þ.b. 400 manns og þar af margir sem eru með tvöfalda skráningu.

### Það er búið að fjölga möguleikum á aðild ekki satt?

Jú, við erum með þrjár skráningar. Einfalt gjald sem er 1000 kr. á mánuði. Tvöfalt gjald sem er 2000 kr. á mánuði. Síðan erum við með þrefalt gjald sem gildir fyrir þrjá og er 2500 kr. á mánuði.

### Nú ætlar Landsbanki Íslands að velja öflugasta stuðningsmannahópinn í sumar? Ætla félagar í KR-klúbbum ekki að vinna þann titil?

KR-ingar þekkja ekkert annað en toppinn.

### Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til KR-inga?

Verum jákvæð og stöndum saman allir sem einn.

### Hvað er KR?

Lífsstíll.

### Hverjir verða Evrópumeistarar?

Knattspyrnufélag Reykjavíkur.



# Okkur er annað um þinn hlut

Samskip eru öflugt alþjóðlegt fyrirtæki í flutningaþjónustu með starfsemi og skrifstofur í Evrópu, Ameríku og Asíu, auk umboða og samstarfs við fjölda flutningafyrirtækja um heim allan. Reynsla, þekking og samhæft upplýsingakerfi auðveldar okkur að veita viðskiptavinum persónulegri, skilvirkari og öruggari þjónustu.

Hvort sem flytja þarf mikið magn eða einn hlut, er okkur annað um að hver viðskiptavinur njóti þess besta sem völ er á.

**SAMSKIP**  
– yfir lönd, yfir höf



**Kjartan Henry Finnbogason hefur leikið með KR síðan hann man eftir sér. Hann byrjaði að æfa með félaginu fjögurra ára gamall og er nú aðeins 17 ára orðinn fastamaður með meistaraflokki.**

Kjartan hefur átt góða innkomu í liðið og hefur sett upp mörkin sem skoruð hafa verið af KR í deildinni. Hann er samt einarður sóknarmaður og er staðráðinn í að skora fyrir liðið, og það fyrr en síðar. Við settumst niður með Kjartani og spurðum hann spjörnum úr.

**Menn eru almennt á þeirri skoðun að þú sé að leika vel og því sé erfitt að velja annan fram yfir þig. En finnst þér að þú eigir jafnvel meira inni?**

„Mér finnst ég ennþá geta bætt mig, ég á líka ennþá eftir að skora. Ég reyni að berjast í leikjum og hlaupa mikið. Ég er mjög markagráðugur og sé ekkert nema markið, en ef einhver annar er í betri stöðu þá reyni ég að leggja upp mark.“

**Eftir tvo tapleiki í byrjun móts voru margir stuðningsmenn KR strax orðnir nokkuð taugatrektir, hvernig leggst það í þig?**

„Það eru einungis fáir leikir búnir og margir eftir. Það er mikil barátta komin í liðið og hlutirnir eru á uppleið. Það er enginn taugaspenna í hópnum, mótið er nýbyrjað og menn með hugann við næsta leik.“

og taka út þroska sem leikmaður áður en ég tek skrefið í atvinnumennskuna. Ég mun vonandi leika í Evrópukeppni sem er góður gluggi fyrir leikmenn og það er nægur tími til stefnu varðandi þessi mál. Góðir hlutir gerist hægt.“

**Menn hafa jafnan spáð KR titli í byrjun móts og sett lið á borð við ÍA og Fylki í næstu sæti. Hvernig heldur þú að mótið spili?**

„Ég held að Fylkismenn verði góðir í ár, Skaginn verður sterkur og FH á eftir að verða ofarlega. Við ætlum svo að gera okkar besta en meira er ekki hægt að ætlast frá okkur. Það má heldur ekki gleyma að við eigum eftir að fá menn eins og Sigurvin, Garðar, Bjarka, Arnar og fleiri úr meißlum þannig að við eigum eftir að styrkjast.“

**Nú hefur þú náð langt þrátt fyrir ungan aldur. Hver eru skilaboð þín til þeirra sem æfa og stefna á að ná árangri á vellinum?**

„Það er allt hægt. Maður á að setja sér markmið og vinna að þeim. Það vilja allir spila með meistaraflokki og þá á maður bara að stefna ótrauður að því. Margir hafa sagt að KR kaupi bara þá leikmenn sem þeir þurfa en ég er sönnun þess að það er ekki alveg rétt. Bara að setja sér markmið og stefna á þau.“

# BJARTASTA vonin

**Það hlýtur að vera breyting að koma úr 2. flokki og beint í liðið í meistaraflokki?**

„Ég byrjaði að æfa með meistaraflokki í fyrra. Ég lék einhverja leiki en var mest á bekknun. Núna æfi ég einungis með meistaraflokki. Um daginn var 2. flokkur að spila og mig langaði að vera með en mátti það ekki. Þetta er meiri alvara hjá meistaraflokki. Annar flokkurinn er meira að spila en hjá meistaraflokki er þetta orðin meiri vinna.“

Meistaraflokkur æfir stíft til að menn séu klárir í leikna og ég hef náð að höndla álagið ágætlega. Ég mætti alveg vera duglegri í kraftþjálfun og stefni á að bæta þann hluta hjá mér því það er gríðarlega mikilvægt að æfa vel.“

**Ekki grófur leikmaður**

**Þrátt fyrir að vera sóknarmaður þá hefur Kjartan áfreakað það að vera bókmaður í tveggis sem telst nokkuð drjúgt af sóknarmanni.**

„Ég hef alltaf verið svona. Þetta eru bara vitleysisþjöld. Það er ekki eins og ég sé grófur leikmaður, ég er bara skapbráður. Reyndar hef ég minnkað það að fá á mig svona spjöld. Ég er að þroskast sem leikmaður og þessum spjöldum fer fækkandi.“

**Þú ert orðinn fastamaður í liðinu, er það að einhverju leiti tilkomið vegna meißla annarra leikmanna?**

„Já, auðvitað spilar það inn í, þrátt fyrir það þá ætla ég að berjast fyrir mínu sæti og ég verð alltaf tilbúinn þegar kallið kemur. Ég held áfram að gera mitt besta og vona að það sé nóg til að halda sæti mínu í liðinu.“

**Þú ert nú vanur að vera með harða þjálfara. Óskar Hrafn Þorvaldsson var með þig í 2. flokki og nú er Willum Þór Þórsson stjórninn. Hvernig er að vera með nagla eins og Willum sem þjálfara?**

„Willum er frábær þjálfari, það er ekkert útá hann að setja. Hann er mikill keppnismaður og lifir sig inni leikinn. En þegar það eru tvö þúsund manns á vellinum að öskra þá heyrir maður ekki mikið í honum á hliðarlínunni.“

**„Þetta eru bara vitleysisþjöld. Það er ekki eins og ég sé grófur leikmaður, ég er bara skapbráður.“**

**Nú ertu að leika fyrir fjölda fólks í hverjum leik, hvernig leggst það í þig?**


„Það hefur alltaf verið draumurinn að leika með meistaraflokki. Það er ótrúlegt að vera kominn í þessa stöðu 17 ára gamall en þetta tekur ekki á taugarnar hjá mér, ég hef gaman af því sem ég er að gera inni á vellinum og reyni að einbeita mér að því.“

**Hvert liggur svo leiðin, er verið að spá í atvinnumennsku?**

„Ég stefni á að leika úti í framtíðinni og horfi til Frakklands eða Hollands í þeim efnum. England heillar mig ekki eins mikið og ég hef lítinn áhuga á að leika í Noregi. Mér finnst hins vegar eðlilegt að einbeita mér að náminu

**Nú liður að EM í Portúgal og því ekki úr vegi að spyrja u m hverja þú teljir sigustranglega þar?**

„Ég hef ekkert spáð í þetta. Ég segi bara England, nei eða Spánn. Ég verð að segja eins og er að ég hef aldrei horft á heilan fótboltaleik, ég hef engan áhuga á því. Þegar ég var yngri þá horfði ég kannski á tíu mínútur en þá komst ég í fótboltastuð og skelti mér í galla og fór útá völlu að sparka. Ég horfi á stórleiki og byrja örugglega að horfa á EM þegar átta liða úrslit byrja.“



**Kjartan Henry Finnbogason**





# SKORADU

MEÐ COCA-COLA® Í SUMAR  
LÚXUSFERÐ Á ÚRSLITALEIK EURO 2004™ + 200.000 SPENNANDI VINNINGAR

Safnaðu gulum löppum af Coke eða Diet Coke í sumar og nældu þér í skemmtilega vinninga.

**200.000 vinningar í boði**

30 tappar = EURO 2004™ íótbolti - 20.000 stk.

20 tappar = Grjónabolti (hacky sack) - 20.000 stk.

10 tappar = Sérframleidd EURO 2004™ leikmannafaska (5 tegundir) - 160.000 stk.

**Vinnur þú lúxuserð fyrir tvo á úrslitaleik EURO 2004™?**  
Sendu okkur 5 tappa ásamt nafni, heimilisfangi og símanúmeri og þú kemst í pottinn! Dregið 24. júní í beinni á RÚV.

Söfnunarvinninga skal vitja á þjónustustöðvum Esso/Nesti og Shell/Select um land allt fyrir 31. júlí 2004.

Tryggðu þér vinning meðan birgðir endast.



Coca-Cola



# UPPELDI og gleði

**Luca Lúkas Kostic hefur lengi verið í boltanum sem leikmaður og seinni ár sem þjálfari. Hann hefur þjálfað nokkur lið og þar á meðal meistaraflokk KR. Hann sér núna um þjálfun á 4. flokki karla hjá KR og er að byggja upp sterkt lið.**

Fjórfði flokkur karla hjá KR varð á dögnum Reykjavíkumeistari karla í knattspyrnu og að því tilefni ákváðum við hjá KR-blaðinu að taka hús á þjálfara liðsins, Luca Lúkas Kostic.

**Til hamingju með Reykjavíkumeistaratítlinn, var þetta bara létt?**

Nei, það var ekki það. Í Reykjavík eru 3 lið í sama gæðaflokki og KR. Þegar við spiluðum á móti þeim voru þetta "alvöru" leikir en við unnum þá því sigurvilji okkar stráka var meiri en hjá hinum.

**Ertu með góðan hóp í höndunum?**

Í 4. flokki eru margir efnilegir strákar. Margir af þeim sýna mikinn áhuga á að læra, eru metnaðarfullir og með rétt hugarfar. Það er virkilega gaman að vinna með þeim öllum.

**Hvernig er aðstaðan fyrir yngri flokkana hjá KR?**

Yfir sumarið er aðstaðan fin, 4 flokkur æfir á Starhaga og það er frábært. Með nýja gervigrasinu verður æfingaaðstaðan mun betri en áður.

**Nú hefur þú einnig þjálfað meistaraflokk, hver er munurinn?**

Í stuttu máli þá snýst allt hjá meistaraflokki um árangur en hjá yngri flokkunum er áherslan á uppeldi og gleði.

**Hvernig leggst sumarið í þig?**

Mjög vel, við erum með stóran og efnilegan hóp og ætlum að skemmta okkur vel í sumar. Skemmti- og keppnisferðir með foreldrum, bæði innanlands og utan. Svo er Rey-Cup og auðvitað Íslandsmótið. Við ætlum að gera mikið til að hafa strákana glaða og ánægða.

**Taka foreldrar virkan þátt í starfinu hjá KR?**

Þeir gera það. Sumir foreldrar eru mjög virkir, þeir koma til að fylgjast með æfingum en ekki bara leikjum. Slikur áhugi gefur börnum þeirra mjög mikið sjálfstraust. Þeir eru tilbúnir að taka þátt í öllu sem flokkurinn gerir. Gleymum ekki að foreldrar standa fyrir söfnun og sjá um skipulagningu á utalandsferðum sem er rosalega mikil vinna.

**Hversu miklu skiptir árangur meistaraflokksins fyrir strákana í 4. flokki?**

Án efa skiptir gengi meistaraflokks miklu máli hjá strákunum í 4 flokki. Meistaraflokksstrákarnir eru hetjur þeirra, það er draumur allra í þessum aldri að spila fyrir meistaraflokk KR.

**Hverjir verða Evrópumeistarar?**

Igor og Alex, synir mínir, og ég höfum gaman að horfa snillingana frá Frakklandi svo mitt atkvæði fer til þeirra.

**„Sumirforeldrar eru mjög virkir, þeir koma til að fylgjast með æfingum en ekki bara leikjum.“**



Meistaraflokksstrákarnir eru hetjur þeirra. Reyndar er þetta draumur allra á þessum aldri að spila fyrir meistaraflokk KR.

## Landsbankinn gefur bolta

**Landsbankinn er dyggur stuðningsaðili knattspyrnunnar á Íslandi. Til að undirstrika það gaf Landsbankinn öllum flokkum KR bolta til æfinga.**

Landsbankinn er aðalstyrktaraðili Landsbankadeildinnar í knattspyrnu. Síðan bankinn hóf að styrkja deildina hefur margt skemmtilegt verið gert til að auka áhuga landans á boltanum. Nú er t.d. í gangi stuðningsmannakeppni Landsbankadeildarinnar og eru vegleg verðlaun í boði fyrir bestu stuðningsmenn ársins.

**Allir fengu bolta**

Áður en flautað var til leiks gegn Víkingum á dögnum gaf Landsbankinn öllum flokkum KR bolta til æfinga. Hver flokkur fékk tíu bolta sem notaðir verða í sumar. Þetta er frábært framtak sem kemur sér vel fyrir flokkana enda



**Sigurlaug Gunnarsdóttir, útibússtjóri hjá Landsbankanum ásamt fulltrúum frá knattspyrnuflokkunum og Erni Guðmundssyni frá KR.**

aldrei nóg af góðum boltum fyrir framtíðarleikmenn KR til að æfa sig með.

Það var Sigurlaug Gunnarsdóttir, útibússtjóri

hjá Landsbankanum, sem kom færandi hendi og afhenti fulltrúum knattspyrnuflokkanna boltanna.

**Öflugir stuðningsmenn**

Við KR-ingar höfum í gegnum árin verið duglegast að mæta á völlinn og láta í okkur heyra og ef við ætlum við vinna keppnina um bestu stuðningsmenn Landsbankadeildarinnar þá verðum við að vera dugleg að mæta á völlinn, klædd svart-hvítu og öskra okkur hás á hverjum leik.

www.  
**SPORT**  
.is



**Allir flokkar fengu bolta sem notaðir verða til æfinga.**



# VIÐ ERUM MEÐ KR Á HEILANUM



BYKO HRINGBRAUT

SKRÚFUR

KAFFIKRÚSIR

STEINAKRÝL

GLERKRUKKUR

SKRÚFJÁRN

KRAFTGALLAR

KRAFTHREINSIR

LJÓSAKRÓNUR

SKRAUTLISTAR



KOMDU VIÐ OG FÁÐU ALLT FYRIR PALLINN & GARÐINN



BYKO Hringbraut, sími: 562 9400, opið alla virka daga frá 8-19, laugardaga frá 9-18, sunnudaga frá 11-17

BYGGIR MEÐ PÉR